



Mótvægisáðgerðir fyrir Vestmannaeyjar

Í kjölfar 30% skerðingar á þorskkvóta við Ísland



Vestmannaeyjabær

24. ágúst 2007



Af 193 þús. tonna þorskafla á yfirstandandi fiskveiðiári 2006/2007 er hlutur fiskiskipa frá Vestmannaeyjum rétt tæplega 12 þús. tonn og hefur kvótinn aukist um rúm 1 þús. tonn á núverandi fiskveiðiári. Af 130 þús. tonna úthlutun 2007/2008 verður hlutur Vestmannaeyja rétt liðlega 8 þús. tonn og munar hvorki meira né minna en rétt tæpum 4 þús. tonnum frá því sem nú er, eða tæp 33%.

Að beiðni Vestmannaeyjabæjar óskaði Atvinnuþróunarfélag Suðurlands eftir því við Vífil Karlsson og Guðnýu Önnu Vilhelmsdóttur hjá SSV Þróun og ráðgjöf, að unnin yrði greinargerð um staðbundin efnahagsleg áhrif 30% kvótaskerðingar á Vestmannaeyjar.

Helstu niðurstöður þessarar greinargerðar voru að staðbundin efnahagsleg áhrif 30% þorskkvótaskerðingar á Vestmannaeyjar næmu alls um 3.6 milljörðum króna á fiskveiðiárinu 2007/2008. Sérfræðingar í hafrannsóknnum á Íslandi hafa gefið í skyn að skerðingin muni að öllum líkindum ná til næstu þriggja ára. Má því álykta að efnahagsleg áhrif verða vart undir 10 milljörðum á þessu tímabili í Vestmannaeyjum. Í greinargerðinni kom einnig fram að af 79 sveitarfélögum á landinu öllu, eru Vestmannaeyjar kvótaríkasta sveitarfélagið þegar horft er til heildarkvóta í þorskígildum.

Höggjð fyrir atvinnulífið og samfélagið allt vegna niðurskurðar á þorskkvóta er því gríðarlegt. Eyjamenn munu þó líta á það sem hvatningu til að gera enn betur hvað varðar þá vaxtarbrodda sem fyrir eru. Því kalla Vestmannaeyingar nú eftir mótvægisáðgerðum og lýsa sig reiðubúna til að draga vagninn hvað tillögur og framkvæmd þeirra varðar.

Eftirfarandi tillögur eru hér settar fram sem leiðavísir að árangri í mótvægisáðgerðum. Það er ósk Vestmannaeyinga að hratt og örugglega verði unnið að framkvæmd þeirra enda mikilvægt að ekki myndist millibilsástand þar sem fullkomin óvissa ríkir.

Sértækar aðgerðir

1. Efling stoðkerfis sjávarútvegs í Vestmannaeyjum

1.1. Hafrannsóknarstofnunin

Vestmannaeyjabær óskar eftir því að Hafrannsóknarstofnuninni verði tafarlaust veitt fjárveiting til að efla starfsemi sína í Eyjum með fjölgun starfsmanna, með ráðningu sérfræðings og tveggja rannsóknamanna. Álitleg verkefni fyrir starfsmenn hafa þegar verið skilgreind. Með þessu móti myndi hlutfall starfsmanna í Eyjum vera u.þ.b. 2,5% af starfsmannafjölda Hafrannsóknarstofnunarinnar.

Frá árinu 1986 til ársins 2005 hefur ársverkum á Hafrannsóknarstofnuninni fjölgað um 42%. Árið 1986 var hlutfall ársverka í útibúum um 4% af heildinni, en árið 2005 var það tæp 7%, fyrst og fremst hefur fjölgað á Akureyri og á Ísafirði. Allt frá stofnun útibúsins í Vestmannaeyjum árið 1986 og til dagsins í dag, hefur hlutfall ársverka verið tæplega 1% á stofnuninni. Í Vestmannaeyjum eru vistuð á milli 10% - 11% veiðiheimilda landsmanna.

1.2. MATÍS ohf.

Sjávarútvegsfyrirtæki í Vestmannaeyjum hafa löngum þótt framsækin og þótt góð rekstrarleg fyrirmynd fyrir önnur fyrirtæki í sjávarútvegi, að mati fjármálafyrirtækja. Því hafa sjávarútvegsfyrirtæki boðið fram mótframlag til eflingar MATÍS ohf. í Vestmannaeyjum. Óskað er eftir að ráðið verði í stöðu tveggja sérfræðinga við útibú MATÍS ohf. í Eyjum. Yfirmenn MATÍS ohf. hafa nú þegar skilgreint nokkur spennandi, hagnýt verkefni í samráði við sjávarútvegsfyrirtæki í Eyjum svo hægt verði að hefjast handa sem fyrst.

1.3. Fiskistofa

Væntanlega er það auðsótt í ljósi niðurskurðar á kvóta að fá efnt loforð um fjölgun starfsmanna fiskistofu í Vestmannaeyjum. Þegar Fiskistofa opnaði í Eyjum var talað um að byrjað yrði með 3 starfsmenn en þeim svo fjölgað í a.m.k. 5. Enn eru hinsvegar einungis 3 starfsmenn. Strax væri hægt að ráða 2 starfsmenn til að sinna veiðieftirliti í landi sem á sjó eins og rætt var. Þá ætti tafarlaust að flytja í starfsstöð Fiskistofu í Eyjum allt eftirlit með gámaútflutningi hjá Fiskistofu en líklega væru það 2 – 3 störf.

1.4. Stofnun Sæmundar Fróða

Vestmannaeyjabær vill leggja höfuð áherslu á að kannað verði af fullri alvöru hvort Stofnun Sæmundar Fróða verði með öllu staðsett í Vestmannaeyjum og hlutverk þeirrar stofnunar sem lykilstofnunar í sjálfbærri þróun verði aukið. Eins og gefur að skilja myndi staðsetning þessarar stofnunar í stærstu verstöð landsins þar sem allt veltur á sjálfbærum veiðum styrkja hana og samfélagið um leið. Um allan heim fer skilningur á mikilvægi sjálfbærrar þróunar vaxandi. Sjálfbær þróun hvílir á þremur megin stöðum: umhverfi, samfélagi, og efnahag. Stofnuninni er ætlað að standa að víðtæku samstarfi, rannsóknum og fræðslu um hvaðeina sem lýtur að sjálfbærri þróun. Þetta svið er í edli sínu þverfræðilegt og því er stofnuninni jafnframt ætlað að efla þverfræðilegt samstarf og rannsóknir innan Háskóla Íslands.

Frh. tillögu 1

Vestmannaeyjabær er stærsti útgerðarbær á Íslandi, sannkallaður sjávarútvegsbær. Þrátt fyrir þá staðreynd eru afleidd störf í sjávarútvegi afar fá og í algjöru ósamræmi við styrk sjávarútvegsins í Eyjum. Tafarlaust þarf að flytja opinber störf til Vestmannaeyja sem lið í brýnum mótvægisáðgerðum ríkisins, ber þar að horfa fyrst og fremst til afleiddra starfa í sjávarútvegi bæði hvað varðar eftirlit, þróun, rannsóknir o.fl.

Staðan nú er sú að hlutfall íbúa á bak við hvert opinbert starf í Vestmannaeyjum er 30,5 á móts við 14,6 á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi margra opinberra stofnana og ráðuneyta má vinna hvar sem er á landinu og í mörgum tilfellum væri jafnvel hentugra að opinber þjónusta væri staðsett á tilteknum stað utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir því er fjöldi fordæma.

2. Efling þorskrannsóknna í Vestmannaeyjum

Vestmannaeyjabær leggur til að sem lið í mótvægisáðgerðum tryggi ríkisstjórn lokafjármögnun rannsóknaverkefnisins “Kortlagning líffræðilegs fjölbreytileika þorsks með áherslu á atferli í tengslum við æxlun”.

Einnig er óskað eftir því að ríkisstjórnin tryggi fjármuni til nauðsynlegra tækjakaupa, svo hægt verði að koma upp Miðstöð þorskrannsóknna í Vestmannaeyjum, í tenglum við Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja. Búnaður Miðstöðvar þorskrannsóknna í Eyjum mun nýtast við framkvæmd áður nefnds rannsóknaverkefnis auk fjölmargra annarra verkefna.

Rannsóknaverkefnið hefur verið lofað fyrir metnaðarfulla rannsóknáætlun og er talið mikilvægt framlag til eflingar á grunnrannsóknnum á þorskstofninum við Ísland.

Það er ljóst að þorskstofninn við Ísland hefur verið í mikilli lægð seinustu ár og nýliðun í stofninum hefur verið með lægsta móti um langt skeið. Svo er nú komið að þorskvóti hefur verið skertur verulega til að veða upp á móti þessari lægð stofnsins. Vestmannaeyjabær og útgerðir í Vestmannaeyjum hafa alla tíð lagt áherslu á virðingu fyrir auðlindinni og sjálfbæra nýtingu allra stofna. Útvegsmenn í Vestmannaeyjum hafa ítrekað lýst áhyggjum sínum af fjársveldi til rannsókna á þorski og bent á mikilvægi öflugra rannsókna m.a. til að þekkja atferli þorskins við hrygningu, við klak og nýliðun ásamt því þekkja mismunandi áhrif veiðarfæra fiskiskipa o.s.frv.

Því hefur Vestmannaeyjabær og atvinnulífið í Vestmannaeyjum haft frumkvæði að samvinnu við vísindamenn um nánari rannsóknir og kortlagningu hrygningarsvæða þorsksins. Ekki er vitað um neinar sambærilegar rannsóknir af þessu tagi.

Verkefni það sem vilji er til að ráðast í er eitt það viðamesta og metnaðarfullsta sem ráðist hefur verið í hér á landi og þótt víða væri leitað. Fjármögnun er þegar á veg komin en mikilvægt er að gera atvinnu- og fræðalífina í Vestmannaeyjum færi á að leiða þetta verkefni í samvinnu við hina ýmsu fræðimenn. Verkefnið er samvinnuverkefni Háskóla Íslands, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Vestmannaeyjabæjar og Stjörnu Odda.

3. Efling rannsóknna- og fræðaseturs í Vestmannaeyjum

Vestmannaeyjabær leggur til að fyrir árslok 2007 verði Rannsóknna- og fræðasetur Vestmannaeyja eftt með ráðningu á sérfræðingum við framkvæmda- og verkefnastjórnun.

Vestmannaeyjabær óskar einnig eftir því að fá að kaupa jarðhæð Setursins að Strandvegi 50 þar sem nú er verslun ÁTVR. Einnig er óskað eftir því að stjórnvöld beiti sér fyrir sölu á eignahlut Háskóla Íslands í Strandvegi 50 til Vestmannaeyjabæjar. Söluandvirði eigna Háskóla Íslands verður varið til uppbyggingar á aðstöðu og tækjakaupum fyrir Setrið.

Þá er mikilvægt að tafarlaust verði ráðist í aðgerðir til að auka húsnæði Setursins, enda er skortur á húsnæði fyrir löngu farin að há starfsemi þess.

Að lokum leggur Vestmannaeyjabær enn fremur til að stöðugildum við starfsemina verði fjölgað allverulega á næsta ári.

Frá því fyrr á þessu ári hefur staðið yfir vinna starfshóps um eflingu rannsóknna- og háskólastarfsemi í Vestmannaeyjum. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum Menntamálaráðuneytis, Háskóla Íslands, Vestmannaeyjabæjar og atvinnulífsins í Vestmannaeyjum. Viðræður hafa átt sér stað við ráðuneyti Menntamála, sjávarútvegs og iðnaðar um fjárhagslega aðkomu ráðuneytanna að verkefninu með svipuðum hætti og á Ísafirði og Egilstöðum. Þá hefur einnig verið rætt við stjórnendur Matís, Hafró og forystumenn atvinnulífsins í Eyjum um aðkomu þessara aðila að frekari rannsóknastarfsemi á sviði fiskirannsóknna og sjávarútvegs. Nú er komið að því að stíga næstu skref í málinu og hefur verið ráðinn sérstakur verkefnisstjóri sem tók til starfa í byrjun júlímánaðar, sem koma mun tillögum á framkvæmdastig.

Það er afar brýnt að verkefnið gangi eftir, enda kallar það á umtalsverða fjölgun háskólamenntaðs starfsfólks og stækkun húsnæðis Rannsóknna- og fræðasetursins í Vestmannaeyjum (Setrið). Megináhersla verður lögð á eflingu rannsóknastarfsemi í sjávarútvegi m.a. í samstarfi við fyrirtækin í Eyjum. Samhliða þessu verði auknir möguleikar til háskólamenntunar um leið og lögð verði meiri áhersla á fjarmenntun ásamt eflingu við starfs- og símenntun. Mikilvægt er að ráðist verði í miklar endurbætur og stækkun á húsnæði Setursins sem allra fyrst. Að endingu verður yfirstjórn Setursins styrkt verulega og um leið skapast meiri möguleikar til að hafa frumkvæði í öflun nýrra rannsóknna- og þróunarverkefna á vegum Setursins.

Vestmannaeyjabær leggur þunga áherslu á framgang þessa máls sem lið í mótvægisáðgerðum.

4. Endurmenntun og starfsþjálfun, Víska símenntunarmiðstöð

Vestmannaeyjabær óskar eftir því við stjórnvöld að þau styrki Víska, símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum um þriggja mkr. framlag, til að standa straum af kostnaði við endurmenntun og starfsþjálfun fólks í sjávarútvegi í Eyjum. Boðið verður upp á fjölbreytt námskeið í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og með stuðningi sjávarútvegsfyrirtækja til að mæta fljótt því áfalli sem orðið hefur vegna niðurskurðar á þorskkvóta

5. Atvinnuráðgjöf og nýsköpun, (Nýsköpunarmiðstöð Íslands)

Vestmannaeyjabær leggur til að eigi síðar en í september 2007 verði auglýst eftir tveimur starfsmönnum á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Vestmannaeyjum. Vestmannaeyjabær er reiðubúinn til að taka þátt í húsnæðiskostnaði vegna þessarar starfsemi og beita sér fyrir samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Suðurlands.

Vestmannaeyjar hafa glímt við viðvarandi fólksfækkun og tiltölulega einhæft atvinnulíf, til að mæta þeirri þróun þarf að skapa leiðir til að efla atvinnuþróunar- og nýsköpunarráðgjöf á svæðinu. Vilji til framkvæmda og frumkvæði heimamanna er mikið, en frekari þekkingu og stuðning vantar. Einfaldasta leiðin að því marki er að auka framboð og aðgengi að ráðgjöf og fræðslu á fyrrnefndum sviðum. Sveigjanleiki og aðlögun að umhverfi og aðstæðum skiptir miklu til að mæta fjölbreyttum verkefnum sem upp geta komið. Ráðgjöf og fræðsla þarf að vera aðgengileg íbúum til átaksverkefna og óvæntra verkefna sem geta komið upp ásamt öðrum langtímaverkefnum.

Afar mikilvægt er að efla nú þegar ráðgjöf og aðstoð til fyrirtækja og stofnanna til að bregðast við fækkun starfa og auka fjölbreytni atvinnulífsins. Til að sinna þessari ráðgjöf og aðstoð þarf að staðsetja tvo starfsmenn frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands í Vestmannaeyjum.

Starfsmenn þessir geta lagt þung lóð á vogaskálina með því að stuðla að framkvæmd þeirra tillagna sem hér fara á eftir og ætti því að setja ráðningu þeirra í forgang.

Þess má geta að sambærilega tillögu er að finna í Vaxtasamningi Suðurlands og Vestmannaeyja.

6. FABLAB-setur

Lagt er til að ríkið beiti sér fyrir því að Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) taki að sér vinnu við að koma á fót FABLAB-setri í Vestmannaeyjum, í samstarfi við heimamenn. Óskað er eftir að NMÍ leggi setrinu til stofnfé og komi að kostun á stöðugildi í tengslum við starfsemina.

Verkefnið gengur út á uppbyggingu FABLAB-seturs í Vestmannaeyjum, en það er hönnunar- og þróunarsetur fyrir stafræna framleiðslutækni, áætlað að það verði tekið í notkun í júlí 2008. Markmið verkefnisins er að skapa vettvang fyrir nýsköpun í Vestmannaeyjum og að efla samkeppnishæfni iðnaðarfyrirtækja, Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum og nemenda hans.

FABLAB-setrið sameinar nýstárlega tækni við frumgerðarhönnun og frumgerðarsmíði. Stöðin verður opin almenningi og geta einstaklingar jafnt sem fyrirtæki nýtt sér aðstöðuna til að hanna, þróa og útbúa frumgerðir ásamt ýmis konar sérsmíði.

Setrið mun auka fjölbreytni í atvinnulífi Eyjanna og stuðla þannig að aukinni nýsköpun í starfandi fyrirtækjum. FABLAB-setrið verður rekið í nánu samstarfi við kennslustofnanir, rannsóknarstofnanir og framleiðslufyrirtæki

FABLAB-setrið verður sett upp að fyrirmynd annarra FABLAB-setra (e. FABrication LABoratory), svokallaðra framleiðslutilraunasetra, sem sett hafa verið upp í 8 löndum, nú þegar.

7. Uppbygging hafnarmannvirkja

Vestmannaeyjabær leggur þunga áherslu á kostnaðarþátttöku ríkisins, sem allra fyrst, svo hægt verði hefjast handa við enduruppbyggingu á upptökumannvirki hafnarinnar, sem verið hefur óstarfhæft frá 17. október 2006.

Vestmannaeyjabær leggur einnig til að Siglingastofnun Íslands verði falið að ljúka undirbúningi hönnunar stórskipahafnar í Vestmannaeyjum og í beinu framhaldi verði ráðist í styrkhæfar framkvæmdir.

Höfnin er lífæð Vestmannaeyja. Mikilvægt er að Vestmannaeyjabær fái stuðning til að ráðast í brýnar framkvæmdir við höfnina, ber þar hæst endurbygging á upptökumannvirki og gerð stórskipahafnar.

Vestmannaeyjabær lítur á þjónustu við útgerðir skipa sem afar mikilvæga þjónustu við grundvallaratvinnuveg Eyjamanna, sjávarútveg. Því skiptir gríðarlegu máli fyrir öflugustu fiskihöfn landsins að geta boðið upp á upptöku skipa meðal annarrar þjónustu við nær öll fiskiskip íslenska skipaflotans. Mannvirki til upptöku skipa varð fyrir miklu tjóni þann 17. október 2006, en það er alfarið í eigu Vestmannaeyjahafnar. Vestmannaeyjabær hefur lýst vilja sínum til að endurbyggja mannvirkið.

Þá liggur fyrir að næsta kynslóð flutningaskipa kemur ekki til með að geta nýtt sér núverandi hafnaraðstöðu í Vestmannaeyjum og því nauðsynlegt að ráðast sem fyrst í framkvæmdir vegna þessa. Á tímum niðurskurðar og fækkunar starfa er nauðsynlegt að flýta framkvæmdum.

8. Ferðaþjónustusetur, menningartengd ferðaþjónusta

Vestmannaeyjabær leggur til að sem liður í mótvægisáðgerðum verði stofnað ferðaþjónustusetur í Vestmannaeyjum. Hlutverk setursins verður að efla ferðaþjónustu, m.a. með miðlun fagþekkingar og þá sérstaklega til menningartengdrar ferðaþjónustu með stuðningi við frumkvöðla og ný verkefni.

Við setrið verða í upphafi tveir starfsmenn og munu Vestmannaeyjabær og ríkið deila með sér kostnaði við starfsemina til helminga.

Ferðaþjónustusetrið kemur til með að veita alla stoðþjónustu við ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum, aðstoða við markaðsetningu, kortleggja vaxtartækifæri, annast þjálfun, námskeiðahald o.fl.

Að auki verður það hlutverk setursins að beita sér fyrir auknu samstarfi milli ferðaþjónustuaðila í Vestmannaeyjum og annarra ferðaþjónustuaðila, þá ekki síst á Suðurlandi.

Vestmannaeyjar eru einar af helstu perlum íslenskrar náttúru. Fyrir liggur að ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um uppbyggingu á ferjulægi í Bakkafjöru kemur til með að skapa fjölmörg tækifæri í ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum. Innri gerð (e. Infrastructure) ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum er í dag ekki undurbúin að takast á hagnýtingu þeirra fjölmörgu tækifæra sem samgöngubætur koma til með að skapa.

Þá er einnig fyrirsjáanlegt að gríðarleg tækifæri eru fólgin í menningartengdri ferðaþjónustu í tengslum við tilnefningu Surtseyjar á heimsminjaskrá UNESCO, byggingu menningarhúss, Pompai norðursins ásamt fjölmörgum þáttum sem stöðugt bætast við hið öfluga mannlíf og þá menningu sem til staðar er í Vestmannaeyjum.

Engum ætti því að dyljast að sóknarfærin í ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum eru gríðarleg. Mikil samfélagslegur vilji er fyrir eflingu ferðaþjónustunnar í Eyjum. Hinsvegar er þörf á aukinni fagþekkingu til að nýta slagkraft þess öfluga fólks er skipar framvarðarsveit ferðaþjónustunnar í Eyjum sem og við hagnýtingu þeirra mörgu vaxtarbrodda sem felast í ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum.

9. Efling Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum (FÍV)

Lagt er til að stofnaður verði sérstakur þróunarsjóður fyrir skólann, en hlutverk hans verður að mæta þeim kostnaði sem hlýst af sérhæfingu og markaðsetningu á nýju námi. Enn fremur er lagt til að fastur rekstrarammi skólans verði víkkaður til að mæta þeim fasta rekstrarkostnaði sem af auknu framboði kann að hljótaskast.

Í Vestmannaeyjum er rekin öflugur framhaldsskóli sem getur þjónustað mun fleiri nemendur en hann gerir í dag. Menntunarstig kennara er gott, námsframboð fjölbreytt og aðstaða öll til fyrirmyndar.

FÍV hefur ríkan metnað til aukinnar starfsemi og hefur horft til þess að efla sérhæfingu svo sem á sviði menntunar innan sjávarútvegsins, íþróttá (íþróttakademía), iðnnáms og náttúruvísinda.

Enn fremur hefur komið fram einbeittur vilji til að þróa námsbraut í starfrænni framleiðslutækni (FABLAB) og er þar horft til stóraukins samstarfs FÍV og atvinnulífisins.

Viðræður hafa átt sér stað milli fulltrúa Vestmannaeyjabæjar, FÍV og menntamálaráðuneytisins um þessa hluti og er vilji til þessarar eflingar gagnkvæmur meðal allra aðila.

Vestmannaeyjabær leggur til að slagkraftur þessarar öflugu menntastofnunar verði nýttur sem liður í mótvægisáðgerðum.

10. Viðhald fasteigna ríkisins

Vestmannaeyjabær leggur til að tafarlaust verði lokið við endurbætur á 3. hæð Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja (HÍV), en hæðin hefur verið hálfkláruð um nokkurt skeið. Einnig verði ráðist í framkvæmdir á 1. hæð HÍV. Enn fremur verði brýnu viðhaldi á öðrum ríkisstofnunum í Eyjum flýtt sem kostur er.

Hluti af fasteignum ríkisins í Vestmannaeyjum er í bágbornu ástandi. Viðhaldi hefur ekki verið sinnt sem skyldi og aðgerðir löngu tímabærar. Slíkt myndi fjölga snögglega störfum í bænum tímabundið og þannig mæta fækkun starfa vegna niðurskurðar á þorskkvóta

11. Sérhæfing Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja

Vestmannaeyjabær leggur til að sem allra fyrst verði skipaður starfshópur á vegum heilbrigðisráðuneytis sem falið verður að kortleggja helstu vaxtarmöguleika Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja með það fyrir augum að veita sérhæfða þjónustu á landsvísu sem og auka þjónustu við heimamenn. Vestmannaeyjabær mun tilnefna 1 fulltrúa og ríkið 2 fulltrúa.

Í Vestmanneyjum er starfandi stórt og öflugt sjúkrahús. Aðstaða þar til að sinna skurðaðgerðum og ýmiskonar meðferðum er með ágætum. Innan stofnunarinnar og í sveitarfélaginu hefur einnig myndast sérfræðipækking sem styður við margskonar meðferðir. Með stuðningi er hægt að efla sérfræðipækkingu á ákveðnum sviðum og veita sérhæfða meðferð við ákveðnum kvillum. Slíkt eykur nýtingu og hagræðingu innan heilbrigðisþjónustunnar og greiðir þannig leið almennings að góðri heilbrigðisþjónustu.

12. Efling sýslumannsembættisins í Vestmannaeyjum

Vestmannaeyjabær leggur til að vinna við eflingu sýslumannsembættisins í Vestmannaeyjum verði flýtt svo mikið sem verða má, með það fyrir augum að fjölga þar störfum.

Hjá embætti sýslumannsins í Vestmannaeyjum hefur verið í gangi undirbúningsvinna/forathugun á tveimur verkefnum í góðu samstarfi við dómsmálaráðuneytið. Mikilvægt er að þeim málum verði framhaldið með áframhaldandi stuðningi ráðuneytisins.

Embætti sýslumannsins í Vestmannaeyjum er vel mannað, menntuðu og hæfu starfsfólki. Lítil starfsmannavelta er hjá embættinu og húsnaði embættisins býður upp á fjölgun starfa og starfsmanna. Embættið hefur undanfarin tvö ár verið í efstu sætum í könnun SFR um stofnun ársins.

13. Verðbætur á hlut ríkisins í menningarhúsi og náttúrugripa- og fiskasafni

Í mars 2003 var undirritaður samningur milli Vestmannaeyjabæjar og stjórnvalda um þátttöku ríkisins í byggingu menningarhúss og uppbyggingu náttúrugripa- og fiskasafns í Vestmannaeyjum. Heildarframlag ríkisins var ákveðið 280 mkr. Í kjölfar þess var fjármagn til þessa verkefnis tekið frá hjá ríkinu. Vestmannaeyjabær óskar eftir því að áföllnum vöxtum og verðbótum verði bætt við ríkisframlagið sem lið í mótvægisáðgerðum.

Vegna þeirra fyrirsjáanlegu þrenginga sem atvinnulífið í Vestmannaeyjum stendur nú frammi fyrir hyggst Vestmannaeyjabær flýta fjölmörgum framkvæmdum sem sveitarfélagið stendur nú frammi fyrir. Eitt af stærstu verkefnum er bygging menningarhúss sem kemur til með að skjóta traustari stoðum undir menningarstarfsemi og ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum.

14. Stórstígar samgöngubætur

Vestmannaeyjabær telur það afar mikilvægt að öllum áætlunum um uppbyggingu á samgöngum til Vestmannaeyja verði eftir fremsta megni hraðað.

Fyrir liggur ákvörðun ríkisstjórnar um að ráðast nú þegar í framkvæmdir við ferjulægi í Bakkafjöru. Vestmannaeyjabær telur að fjöldamög tækifæri komi til með að felast í þessum miklu samgöngubótum. Vilji Vestmannaeyjabæjar er að sem liður í mótvægisáðgerðum verði framkvæmdum við Bakkafjöru flýtt og stefnt að því að vorið 2009 verði hægt að hefja notkun nýrrar hafnar í Bakkafjöru.

Þá þarf enn fremur að efla núverandi samgöngur á sjó með því að fjölga ferðum Herjólfss og um leið lækka flutningskostnað, bæði far- og farmgjöld.

Einnig þarf að efla flug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja með því að bæta 3. ferðinni við í það minnsta yfir sumartímamann eins og frávikstilboð Flugfélag Íslands gerði ráð fyrir.

Samgöngutengingum við Vestmannaeyjar er verulega ábótavant. Góðar samgöngur milli Vestmannaeyja og Suðurlands er ein af meginforsendum jákvæðrar byggðaþróunar á svæðinu. Þegar slíkt verður að veruleika er ljóst að efnahagsleg áhrif samgöngubóta milli Eyja og Suðurlands verða allnokkur.

Almennar aðgerðir

1. Aðgerðir til aðstoðar einstökum útgerðum

Vestmannaeyjabær leggur til að Byggðarstofnun verði tafarlaust falið að bjóða útgerðum aðstoð við að meta breyttar rekstrarforsendur og þörfina fyrir endurfjármögnun og skuldbreytingar lána.

Vestmannaeyjabæjar leggur einnig til að formleg ákvörðun ríkisstjórnar um að við endurúthlutun aflaheimilda komi aukning til þeirra útgerða sem nú verða fyrir niðurskurði í hlutföllum við skerðinguna. Mikilvægt er að ákvörðun liggja fyrir sem allra fyrst.

Ljóst er að skerðing á þorskkvóta kemur hart niður á útgerðum og líklegt verður að telja að sumar þeirra lendi í verulegum rekstrarvanda. Eins og gefur að skilja kemur niðurskurðurinn harðast niður á litlum og millistórum útgerðum sem hafa takmarkað bolmagn til hagræðingar. Mikilvægt er að kvótaskerðing hjá einyrkjum og minni útgerðum verði metin sérstaklega og leitað verði leiða við að mæta rekstrarvanda þeirra.

Leita þarf leiða til að aðstoða viðkomandi útgerðir við endurfjármögnun og ber í því samhengi að horfa til Byggðastofnunar.

Þá skiptir miklu máli að fyrir liggja skýr vilji ríkisstjórnar til að láta þær útgerðir sem nú verða fyrir skaða vegna niðurskurðar á þorskkvóta njóta þess, þegar kvóti verður aukin á ný. Einungis þegar slíkur vilji liggur fyrir geta útvegsmenn tekið ákvörðun um hvort hagkvæmast sé að halda rekstri áfram eða selja starfsemina til að bregðast við þrengingum í rekstri.

2. Jöfnunarsjóður sveitafélaga

Vestmannaeyjabær leggur til að eigi síðar en í lok október liggi fyrir aukið framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðsins til að sveitarfélögin geti gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlunum fyrir árið 2008.

Afar mikilvægt er að framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði aukið og hið aukna framlag verði notað til að mæta tekjutapi sveitarfélaga. Ljóst er að Vestmannaeyjabær kemur til með að verða af gríðarlegum tekjum í kjölfar ákvörðunar um skerðingu á þorskkvóta.

Skv. niðurstöðum greinargerðar Vífils Karlssonar hagfræðings o.fl., sem unnin var fyrir Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, að beiðni Vestmannaeyjabæjar, eru áhrif niðurskurðarins fyrir hagkerfið í Vestmannaeyjum ekki minna en 3,6 milljarðar. Hagkerfi Vestmannaeyja er afar viðkvæmt vegna landfræðilegrar stöðu og vegna þeirrar staðreyndar að stoðir þess hvíla nánast eingöngu á sjávarútvegi.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er að mörgu leiti ákjósanlegt verkfæri til að mæta þeim skaða sem sjávarútvegsbyggðalög verða fyrir í kjölfarið á niðurskurði þorskkvóta. Ber í því samhengi að horfa til sérstaks framlags til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir tekjuskerðingu vegna niðurskurðar á þorskkvóta.

3. Afnám byggðakvóta

Vestmannaeyjabær leggur til að byggðarkvóti, línuívilnun og skerðing vegna samdráttar í rækju- og skelveiðum verði með öllu aflögð.

Atvinnulífið í sjávarbyggðum veikist verulega í kjölfarið á ákvörðun um samdrátt á þorskkvóta. Bolmagn sjávarútvegsfyrirtækja til að þola það ranglæti er felst í skerðingu veiðiheimilda í tengslum við byggðarkvóta er því minna en áður.

Þrátt fyrir að Vestmannaeyjabær hafi mikinn skilning á vanda þeirra byggðarlaga er glíma við laka kvótastöðu þá fær það vart gengið að veikja fyrirtæki í Vestmannaeyjum enn frekar en verður með boðuðum samdrætti í þorskkvóta með handaflstilflutningi á kvóta frá Eyjum. Hafa þarf hugfast að ráðandi hluti af kvóta í Vestmannaeyjum hefur verið keyptur ýmist með lántöku eða með arði af rekstri fyrirtækja í Vestmannaeyjum. Það er því í hróplegu ósamræmi ef ríkið ætlar að styrkja atvinnulífið á einu efnahagslegu köldu svæði með því að flytja þangað atvinnutækifæri, fjármagn eða aflaheimildir af öðru sambærilegu svæði.

Á hverju ári er efnahagskerfi Vestmannaeyja skert um u.þ.b. 250 milljónir vegna sértækra aðgerða (línuívilnun, byggðarkvóti, bætur til skel- og rækjubáta). Svipaða sögu er að segja um aðrar sambærilegar sjávarbyggðir svo sem Grindavík, Höfn í Hornafirði o.fl. Til að mæta núverandi skerðingu efnahagskerfisins upp á 3,6 milljarða er eðlilegt að horfið verði frá þessum aðgerðum og aðrar leiðir fundnar til að mæta þörfum þeirra sveitarfélaga sem hingað til hafa fengið úthlutað úr þessum pottum.

Vestmannaeyjabær leggur því þunga áherslu á að fallið verði með öllu frá byggðarkvóta sem og annarri handaflsstýringu á kvóta á milli fyrirtækja og atvinnusvæða.

4. Veidigjald – Auðlindagjald

Vestmannaeyjabær leggur til að nú þegar verði veidigjald með öllu afnumið. Verði ekki orðið við þeirri tillögu að afnema með öllu veidigjaldið leggur Vestmannaeyjabær það til að veidigjaldið renni í viðkomandi sjóði sveitarfélaga og þannig verði gríðarlegri tekjuskerðingu sveitarfélaganna mætt.

Alþingi samþykkti vorið 2002 að leggja auðlindagjald á útgerðina með lögum nr. 85/2002. Auðlindagjaldið, eða veidigjald eins og það heitir í lögnum, kemur misjafnlega niður á fyrirtæki og landssvæði. Gjaldið kemur þó hardest niður á fyrirtækjum á landsbyggðinni þar sem flest útgerðarfyrirtækin eru, enda hefur gjaldið verið nefnt "landsbyggðaskattur". Landsbyggðarskattur þessi nemur að öllum líkindum nálægt milljarði á næsta ári.

Vestmannaeyjabær lítur sem svo á að það sé í hróplegu ósamræmi við yfirlýstan vilja ríkisstjórnar, að halda áfram með sértækan skatt á bæjarfélög sem lifa á sjávarútvegi um leið og talað er um sértækar aðgerðir vegna niðurskurðar á aflaheimildum í þorski.

Það er mat Vestmannaeyjabæjar að löngu tímabært er að stjórnvöld slaka á hagræðingarklónni sem hún hefur lagt á sjávarútveginn og horfa þess í stað til annarra atvinnugreina. Ef vægi krafna um ríkispáttöku í atvinnustarfsemi á landsbyggðinni er þrátt fyrir allt svo mikið að ekki þykir tiltökumál að svara henni með atvinnustarfsemi á borð við stóriðju sem ógnar stöðugleika efnahagslífsins, vaxtarmöguleikum sprotafyrirtækja, alþjóðlegri ímynd Íslands og síðast en ekki síst sjálfri náttúrunni, þá er löngu tímabært að ríkið slaki á hagræðingarklónni í atvinnugreinum sem allir eru sammála um að eiga ákaflega vel heima á Íslandi svo sem sjávarútvegi. Það verður helst gert með því að draga úr íþyngjandi aðgerðum og sértækum sköttum.

5. Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga, tillaga 1

Vestmannaeyjabær leggur til að nú þegar fáiist niðurstaða úr formlegum viðræðum milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins, um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það fyrir augum styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagana.

Sveitarfélögin og samtök þeirra hafa margsinnis bent á að tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga sé með þeim hætti að verulega halli á sveitarfélögin. Í ljósi þeirrar tekjuskerðingar sem fjölmörg sveitarfélög verða fyrir vegna niðurskurðar á þorskkvóta er ekki seinna vænna að endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, enda liggur það fyrir að verði hlutur þessara sveitarfélaga ekki bættur blasir ekkert annað við en niðurskurður á þjónustu við íbúanna.

Sveitarstjórnarmenn hafa einnig sætt þeim ákúrum, að á sama tíma og ríkið sé að greiða niður skuldir hrannist skuldir upp hjá sveitarfélögunum. Til að gagnrýni af þessu tagi sé réttmæt verða forsendur hennar að vera réttar og tekjuskipting í samræmi við verkefni.

6. Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga, tillaga 2

Vestmannaeyjabær leggur til að Hafnarsjóði Vestmannaeyja verði bættur tekjusamdráttur af aflagjöldum vegna 30% minni þorskkvóta og töluverðum áætluðum samdrætti í ýsu- og ufsaafra sem nemur áætluðum aflagjöldum af minni lönduðum fiskafra af þessum tegundum á fiskveiðiarinu 2007-2008.

Þá verði ákvæði hafnarlaga um fjárhagslegan stuðning stjórnvalda við styrkhæfar framkvæmdir hafnarsjóða sveitarfélaga framlengt með óbreyttum hætti til a.m.k. til ársins 2015. Núverandi ákvæði hafa gildistíma til ársloka 2008 og skiptir miklu máli fyrir Hafnarsjóð Vestmannaeyja að fram komi skýr skilaboð stjórnvalda um áframhaldandi stuðning við framkvæmdir í Vestmannaeyjahöfn. Til þess að mæta næstu kynslóð flutningaskipa sem hafa viðkomu í Vestmannaeyjum er nú í gangi nauðsynlegar mælingar og athuganir Siglingastofnunar á mögulegri stórskipahöfn í Vestmannaeyjum. Þess er vænst að hægt verði að stíga næstu skref í málinu innan skamms tíma. Af þeim ástæðum og öðrum skiptir því miklu að fjárhagslegur stuðningur stjórnvalda verði tryggður með sama hætti og verið hefur um áratugaskeið.

Rekstur hafnarsjóða sveitarfélaga er víðast hvar mjög skuldsettur og þolir illa mikinn tekjusamdrátt. Helstu tekjur hafna eru aflagjöld af fiskiskipum og verður verulegur samdráttur í tekjum þeirra í kjölfar 30% niðurskurðar á þorskkvóta á fiskveiðiarinu sem hefst 1. september 2007.

Stjórnvöldum ber skylda til að bæta hafnarsjóðum tekjutap sem þeir verða fyrir vegna tekjusamdráttar af völdum niðurskurðar í þorskafla og aðstoða við skuldbreytingar lána og endurfjármögnun.

Íþyngjandi reglugerðir og kvaðir hafa aukið rekstrarkostnað hafna verulega og er mikilvægt að leitað verði allra leiða til að skipta slíkum kostnaði milli viðkomandi hafnarsjóða og ríkisins.

Afar mikilvægt er að ákvæði hafnarlaga um fjárhagslega aðkomu stjórnvalda við styrkhæfar framkvæmdir hafnarsjóða sveitarfélaga, samkvæmt gildandi samgönguáætlun, verði framlengt til a.m.k. til ársins 2015.

Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum leggja því til við stjórnvöld að samdrætti í þorskkvóta verði mætt með ofangreindum hætti gagnvart Hafnarsjóði Vestmannaeyja og Vestmannaeyjahöfn.

7. Fjármagnstekjuskattur – arður af ríkisrekstri á sérhvert svæðinu

Vestmannaeyjabær leggur til að ríkissjóður leggi hluta söluhagnaðar af eignum ríkisins í uppbyggingu á atvinnustarfsemi til þeirra sveitarfélaga sem nú verða fyrir skerðingu á þorskkvóta. Lagt er til að hluti af söluhagnaði ríkisins auk fjármagnstekjuskatts einstakra sveitarfélaga verði lagður í sjóði til atvinnuþróunar. Sveitarfélögin munu síðan úthluta árlega úr sjóðum til uppbyggingar atvinnulífs.

Ríkissjóður hefur á seinustu misserum hagnast verulega á rekstri á Suðurlandi og á Suðurnesjum, er þá m.a. átt við þegar ríkið leysti til sín gríðarlega fjármuni með sölu á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja.

Þá liggur einnig fyrir að sum þeirra sveitarfélaga sem fara illa út úr niðurskurði á þorskkvóta þurfa að greiða hundruð milljóna í fjármagnstekjuskatt í ríkissjóð innan fárra mánaða vegna sölu á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja. Þannig þarf Vestmannaeyjabær að greiða rúmlega 300 mkr. í fjármagnstekjuskatt.